



Vestfjarðastofa

# VESTFJARÐASTOFA

## FRÉTTABRÉF MAÍMÁNAÐAR 2024

 VESTFJARÐASTOFA  
SUÐURGATA 12  
400 ÍSAFJÖRÐUM

 FV@VESTFIRDIR.IS  
 WWW.VESTFIRDIR.IS  
 450-6600

# HVERT VILJUM VIÐ FARA?

„Ef þú veist ekki hvert þú vilt fara skiptir leiðin ekki máli“ er tilvitnun úr Lísu í Undralandi sem oft er vísað til þegar unnið er að mótun stefnu. Þessi tilvitnun er viðeigandi í þeirri stefnumótun fyrir Vestfirði sem unnið er að núna með gerð svæðisskipulags og Sóknaráætlunar.

Að hafa skýra stefnumörkun fyrir Vestfirði sem heild skiptir máli fyrir bæði íbúa og hagsmunaaðila. Án þess að vita hvert íbúar á svæðinu vilja stefna getur verið erfitt að taka ákvarðanir um innviðauppbýggingu, atvinnuþróun og þjónustu. Stefnumörkun er grundvallaratriði til að tryggja að allar framkvæmdir og áætlanir séu samstilltar og vinni að sama marki. Það hjálpar einnig til við að tryggja sameiginlega framtíðarsýn fyrir svæðið og að Vestfirðingar viti hvaða leiðir þeir þurfa að fara að henni.

Við vinnum nú að gerð nýrrar Sóknaráætlunar fyrir Vestfirði sem gilda mun frá 2025 og út árið 2029 eða í fimm ár. Sóknaráætlun Vestfjarða er nú unnin í þriðja sinn og hefur hver hinna fyrri veitt mikilvægan slagkraft og sýn til framtíðar. Að þessu sinni er unnið að svæðisskipulagi fyrir Vestfirði samhliða vinnu við gerð nýrrar Sóknaráætlunar. Í maí hefur átt sér stað mikið samráð við íbúa á svæðinu í formi opinna íbúafunda um alla Vestfirði. Jafnframt er leitað álits einstakra hópa til að tryggja að sem flestir eigi aðkomu að vinnunni.

Í dag er stefnumótun fyrir Vestfirði mikilvægari en nokkru sinni fyrr. Svæðið stendur frammi fyrir umtalsverðum áskorunum tengdum innviðum, breytingum á samfélagsgerð og kröfum á samfélögin. Til að bregðast við þessu þurfa Vestfirðir að hafa skýra stefnu til að bæta lífsskilyrði og skapa spennandi tækifæri fyrir bæði núverandi og framtíðar íbúa.



Menntun og menning eru einnig lykilatriði. Með því að efla menntun og skapa aðstæður þar sem fólk getur stundað skapandi og menningarlega starfsemi er hægt að gera Vestfirði að enn áhugaverðari stað til að búa á. Að auki er mikilvægt að huga að náttúruvernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda til að tryggja að framtíðarkynslóðir geti einnig notið góðs af einstökum náttúruauðlindum svæðisins.

Á sama tíma er mikilvægt að muna að stefnumótun þarf að vera sveigjanleg. Líkt og kötturinn benti Lísu á, þá getur verið ævintýrlegt að kanna nýjar leiðir án þess að hafa alltaf skýra sýn á lokatakmarkið. Það getur verið gagnlegt að leyfa sér að vera opin fyrir nýjum tækifærum og aðlaga stefnumörkunina eftir því sem aðstæður breytast.

*Sigríður Ó. Kristjánsdóttir  
framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu*

# BJARTSÝNI RÍKIR UM FRAMTÍÐ VESTFJARÐA

Vestfjarðastofa hefur undanfarna viku staðið fyrir fórum íbúafundum víðsvegar um Vestfirði undir yfirskriftinni Framtíð Vestfjarða – þér er boðið að borðinu. Fundir voru haldnir á fjórum mismunandi stöðum, fyrst á Patreksfirði þann 27. maí, á Ísafirði 29. maí og á Hólmavík og Reykhólum þann 30. maí. Góð mæting var á fundina og sóttu þá um 170 manns í heildina.

Ástæða íbúafundanna var gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði en þetta er í fyrsta sinn sem slíkt er gert fyrir svæðið í heild sinni og gerð Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029. Farið var yfir þessi tvö mikilvægu skipulagsplögg og síðan unnið saman á borðum við að koma með áherslur og framtíðarsýn. Það er augljóst að hugur er í Vestfirðingum sem líta framtíðina björtum augum, enda hefur verið talsverður uppgangur á svæðinu í heild sinni eftir erfiða tíma sem á undan fóru. Vestfirðingar hafa náð vopnum sínum á ný, íbúum er tekið að fjölga aftur og mikil umsvif átt sér stað í atvinnulífinu. Það er því full innistæða fyrir þessa von sem íbúar ala í brjósti um tímana framundan.

Með yfirumsjón yfir verkefnunum tveimur fara VSÓ ráðgjöf og skipulagsráðgjafafyrirtækið Úrbana. Þau sáu um skipulagningu vinnunnar sem fram fór á fundunum og sögðu frá hvað í svæðisskipulagi og sóknaráætlun er fólgið. Vestfjarðastofa ákvað að fara nýjar leiðir til hvetja til þátttöku á fundinum og var bæði boðið upp á barnapössun á meðan á fundum stóð og grillaðar pylsur í lokin. Ekki var annað að sjá og heyra en ánægja ríkti með fyrirkomulagið sem eflaust verður innblástur fyrir framtíðarfundi.



**Framtíð Vestfjarða**  
Þér er boðið að borðinu

Opnir íbúafundir um gerð nýs svæðisskipulags fyrir Vestfirði og Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029

27.05 Patreksfirði (Eldargarður)

29.05 Ísafirði (Eldargarður)

30.05 Hólmavík (Eldargarður)

30.05 Reykhólar (Reykhólar)

Allir fundir hefjast 16:30  
Barnapössun // Grill að fundi loknum

Vestfjarðastofa

Óli velkomni!



# VESTFIRÐIR ÁRIÐ 2050

Hafin er vinna við gerð svæðisskipulags Vestfjarða sem verður framtíðarstefna um þróun Vestfjarða sem heildar til ársins 2050. Verkefnið hefur verið í deiglu undanfarin ár en ákvörðun um að vinna svæðisskipulag fyrir Vestfirði, byggir á ályktun 67. frá Fjórðungshöfðingi Vestfirðinga sem haldið var á Patreksfirði 8.-10. september 2022 og beinir þeim tilmælum til stjórnar Fjórðungssambandsins að láta hefja vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði hið fyrsta. Segir síðan í ályktunni að:

„Svæðisskipulagið marki meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða, þar sem hagsmunir sveitarfélaganna fari saman til að stuðla að uppbyggingu Vestfjarða sem landfræðilegri, hagræni og félagslegri heild sem styrkir byggðaðróun á Vestfirðum til framtíðar.“

Nú er búið að leysa landfestarnar og leggja til kúrsinn fyrir stefnumótunar verkefnið sem er gert í skipulagslýsingu, en þar er gerð grein fyrir tildrögum og forsendum skipulagsvinnunnar, viðfangsefnum og umhverfismati hennar ásamt áfangaskiptingu og samráði. Skipulagslýsingin er aðgengileg í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Opið er fyrir athugasemdir um skipulagslýsinguna til 26. júní 2024 og er hægt að koma umsögnum á framfæri í skipulagsgáttinni.

Gildi svæðisskipulagsvinnunnar fyrir landshlutann felst ekki síður í ferðalaginu en afurðinni. Það að koma saman og móta skipulagið eykur enn frekar samtakamátt og samheldni sveitarfélaganna. Það ferðalag hófst með fjórum opnum fundum á Patreksfirði, Ísafirði, Hólmavík og Reykhólum þar sem tæplega 200 Vestfirðingar ræddu um mögulegar framtíðarmyndir og lögðu grunn að frekari útfærslu þeirra. Afurðir úr þeirri vinnu verða lagðar fyrir Fjórðungshöfðingi Vestfjarða í Bjarnarfirði næsta haust og leggja grunninn að mótun svæðisskipulagstillögunnar.

Svæðisskipulagi Vestfjarða er ætlað að vera hreyfiafl framfara og sameiginlegt verkfæri sveitarfélaganna og landshlutans í samskiptum sín á milli og út á við, verkfæri sem styrkir stöðu Vestfjarða. Svæðisskipulagið verður farvegur sameiginlegra hagsmuna Vestfirðinga og er því ætlað að draga fram þætti sem efla samfélagið á Vestfirðum með frumkvæði, þekkingu og samvinnu að leiðarljósi.

Áformað er að við gerð svæðisskipulags verði settar fram aðgengilegar upplýsingar um sérstöðu Vestfjarða og sóknarfæri með skýrum hætti. Ætlunin er að vinna með sjálfbærni til grundvallar stefnumörkun í öllum málaflokkum og leggja grunn að sameiginlegri loftslagsstefnu. Einnig er ætlunin að samhæfa nýja sóknaráætlunar við stefnuþætti svæðisskipulags og að sóknaráætlun verði eins konar skemmri aðgerðaráætlun svæðisskipulagsins. Svæðisskipulagi Vestfjarða er þannig ætlað að vera hreyfiafl framfara og sameiginlegt verkfæri sveitarfélaganna og landshlutans í samskiptum sín á milli og út á við.

*Hrafnkell Proppé er skipulagsráðgjafi hjá Úrbana og fer fyrir gerð Svæðisskipulags Vestfjarða fyrir hönd VSÓ*



Bára Melsted tók við styrknum f.h. Goðdala og Skúli Gautason f.h. Púkans. Ljósmynd: Jón Víðir Hauksson

## PÚKINN FÉKK VEGLEGAN STYRK ÚR BARNAMENNINGARSJÓÐI

Púkinn, barnamenningarhátíð Vestfjarða, fékk 6 milljón króna styrk úr Barnamenningarsjóði Íslands til að halda hátíð vorið 2025. Þetta var kynnt við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík á degi barnsins, sem í ár bar upp á sunnudaginn 26.maí.

Púkinn verður því haldinn í þriðja sinn vorið 2025, en í fyrsta skipti var hann haldinn haustið 2023 með veglegum hætti, þá í annað skipti vorið 2024 með lágstemmdara sniði en þessi styrkveiting gerir mögulegt að leggja vel í hátíðina á næsta ári.

Tvö önnur verkefni á Vestfjörðum fengu styrk úr Barnamenningarsjóði, Grunnskólinn á Drangnesi fékk 1.620.000 styrk til verkefnisins Goðdalir, sviðslistasmiðja barna sem verður unnið í samstarfi við Leikfélag Hólmavíkur, Grunnskóla Hólmavíkur og Árnastofnun. Rithöfundar og danshöfundar verða fengnir að verkefninu, en það er byggt á norrænu goðafræðinni.

Kol og salt á Ísafirði fékk 800.000 kr. styrk til verkefnisins Furðuverur í myrkrinu sem verður unnið í samstarfi við grunnskóla Ísafjarðarbæjar. Það snýst um að bjóða börnum á aldrinum 4-8 ára fræðast um furðuverur í þjóðsögum og munnmælum, bæði íslenskum og frá þeim löndum sem börn af erlendum uppruna koma frá, og gera af þeim myndir sem eru sameinaðar í myndbönd/hreyfimyndir. Hreyfimyndunum verður varpað á glugga og veggi í opinberu rými viðsvegar um bæjarfélagið á dimmasta tíma ársins.

Ísafjarðarbær er einnig samstarfsaðili að verkefninu Leikskólaverkefnið ásamt Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ. Það verkefni fékk hæsta styrkinn, 11,6 milljónir króna, og felur í sér að nemendur í tónlistarskólunum vinni með elstu börnunum í leikskólum í þessum þremur sveitarfélögum. Slegið verður upp tónleikum í lokin.

Hlutverk Barnamenningarsjóðs er að fjármagna og styðja við fjölbreytta starfsemi á sviði barnamenningar með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífi.

# VEÐRABRIGÐI FRAMTÍÐARINNAR



Á íbúafundunum um framtíð Vestfjarða voru þátttakendur beðnir að skoða fimm mögulegar sviðsmyndir fyrir Vestfirði framtíðarinnar sem allar byggja á íbúafjölda sem grunnforsendu. Við Vestfirðingar tengjum vel við veðurlíkingar og því bera sviðsmyndirnar veðurheiti sem hér má sjá:

**Mótvindur** gerir ráð fyrir að árið 2050 verði Vestfirðingar 5.900 og hafi fækkað um 0,7% á ári. Ferðapjónusta er áfram árstíðabundin, sveitarfélögin hafa minni tekjur, stöðnun er á húsnæðismarkaði, samgöngur enn erfiðari og samfélögin eldri. Tækifæri í þessari stöðu gætu falist í sameiningum sveitarfélaga, frístundabyggðum og að svæðið henti þeim sem kjósa rólegheitasamfélög.

**Andvari** miðar við að íbúafjöldi standi nánast í stað en fjöldi ferðamanna hafi aukist lítillega og ferðatímabilið hafi lengst til jaðranna. Áskoranir felast í misjafnri þjónustu sveitarfélaga, hægri húsnæðisuppbýggingu, samgöngur og hægfara öldrun samfélagsins. Tækifærin gætu falist í sameiningum sveitarfélaga, aukinni ferðapjónustu og bættum samgöngum.

**Meðbyr** gerir ráð fyrir að Vestfirðingum hafi fjölgað um 1,3% á ári fram til ársins 2050 og séu um 10.000. Fjöldi ferðamanna hefur aukist nokkuð og ferðapjónustutímabilið lengst. Helstu áskoranir felast í vexti sveitarfélaga, skortur er á landrými fyrir húsnæðisuppbýggingu, samgöngur eru enn ögrandi og fjölmenningsamfélagið hefur vaxið mikið. Þarna felast tækifærin helst í auknum tekjum sveitarfélaga, hækkandi húsnæðisverði og fjölbreyttu þekkingarsamfélagi.

**Gustur** gerir ráð fyrir fjölgun umfram landsmeðaltal, 2,5% á ári og eru Vestfirðingar þá um 13.800. Fjöldi ferðamanna hefur aukist mikið og ferðapjónustan er heilsársatvinnugrein. Helstu áskoranir eru svipaðar og í meðbyrnum og felast helst í vexti fjölmenningsamfélags og skorti á landrými fyrir húsnæðisuppbýggingu. Tækifærin eru líka svipuð og í meðbyrnum eða vaxandi og fjölbreyttara samfélagi.

**Ofsi** gerir ráð fyrir að árið 2050 hafi orðið mikil fjölgun á Vestfjörðum, verulega umfram landsmeðaltal og þar búi um 16.400 manns. Mikil fjölgun ferðamanna hefur einnig orðið og eru ferðamenn nú allt árið á svæðinu. Áskoranir eru vegna gríðarlegs vaxtar sveitarfélaga, skorti á landrými fyrir húsnæðisuppbýggingu, álagi á samgöngur og mótstöðu gegn fjölmenningsamfélagi. Helstu tækifæri felast í sameiningu sveitarfélaga, mjög virkum húsnæðismarkaði, öflugum þekkingarsamfélagi, ungu og kraftmiklu samfélagi.

Á fundunum voru íbúar beðnir að raða þessum sviðsmyndum annars vegar upp miðað við það sem þeir telja líklegustu myndina og hins vegar miðað þá sem þeir vildu helst sjá. Á fundunum hefur skapast lífleg umræða og skipst hefur verið á skoðunum en engu að síður benda niðurstöður til einkennandi bjartsýni.

Framundan er síðan vinna svæðisskipulagsnefndar, kjörinna fulltrúa á Vestfjörðum og ráðgjafa okkar við að fækka valkostum fyrst niður í þrjá og síðan á Fjórðungsþingi að hausti velja kjörnir fulltrúar þá sviðsmynd sem stefna skal að í svæðisskipulaginu.

# SKEGGRÆTT Í FLÓKALUNDI UM VETRARFERÐAÞJÓNUSTU




Ferðaþjónar á Vestfjarðaleiðinni funduðu þann 13. maí um lengingu ferðatímabilsins á Vestfjörðum með áherslu á vetrarferðaþjónustu. Fundurinn var vel sóttur, en yfir tuttugu ferðaþjónustuaðilar frá Vestfjörðum og úr Dölum mættu til leiks í Flókalund þar sem fundurinn fór fram.

Markmið fundarins var að hvetja ferðaþjóna til að þróa ferðir og ferðapakka að vetrarlagi, til að auka aðdráttarafli Vestfjarða utan hefðbundins ferðamannatímabils og einfalda gestum að sækja svæðið heim á þeim tíma. Helstu vaxtamöguleikar svæðisins liggja í dreifingu ferðafólks yfir lengra tímabil og til að svo megi verða er stefnt að því að efla kynningu á vöruframboði á Vestfjörðum yfir veturinn.

Eftir að nýjar vörur hafa verið þróaðar verður það hlutverk Markaðsstofu Vestfjarða að koma vörunum á framfæri í gegnum sínar söluleiðir og tengslanet, líkt og á vefsvæði sínu, á ferðasýningum og vinnustofum. Fundurinn var fyrsti liður þess að spýta í lófana á Vestfjarðaleiðinni sem áhugaverðs kosts ferðafólks að vetrarlagi. Fyrirtæki sem eru með starfsemi á ársgrundvelli kynntu starfsemi sína til að sýna fram á möguleikana sem felast í heilsársferðaþjónustu á Vestfjörðum:

Bjarnheiður Jóhannsdóttir sagði frá Eiríksstöðum í Dölum  
Anna Björg Þórarinsdóttir kynnti starfsemi Galdrasýningarinnar á Hólmavík  
Nanný Arna Guðmundsdóttir kynnti starfsemi Borea Adventures á Ísafirði

Fundurinn var mikilvægt skref í að hvetja til aukinnar vetrarferðaþjónustu á Vestfjörðum og að stuðla að lengingu ferðatímabilsins á svæðinu.



# NÝ STJÓRN SÓKNARHÓPS VESTFJARÐA KJÖRIN



Þann 27. maí fór fram ársfundur Sóknarhóps Vestfjarða. Fundurinn fór fram á Patreksfirði en einnig var hægt að sækja hann í gegnum fjarfundarbúnað. Hópurinn var stofnaður á síðasta ári og er hann samstarfsvettvangur á sviði atvinnu- og byggðaðróunar hjá Vestfjarðastofu sem beitir sér fyrir bættum hag fyrirtækja á Vestfjörðum. Aðilar geta komið inn í hópinn af tveimur sviðum hjá Vestfjarðastofu, annarsvegar í gegnum Markaðsstofu Vestfjarða þar sem aðilar verða sjálfkrafa félagar eða í gegnum atvinnusvið.

Á fundinum fór Gauti Geirsson yfir skýrslu stjórnar og Guðrún Anna Finnbogadóttir fór yfir markmið og tilgang hópsins. Þá var gengið til kosningu á nýrri stjórn til eins árs. Flestir sem höfðu verið í stjórn gáfu kost á sér áfram að Friðbjörgu Matthíasdóttur undanskilinni. Sædis Þórsdóttir og Sif Huld Albertsdóttir koma báðar nýjar inn í stjórn og Halldór Halldórsson víkur. Nýja fimm manna stjórn skipa því:

Gauti Geirsson fyrir atvinnulíf  
Sædis Þórsdóttir fyrir Markaðsstofu  
Lilja Sigurðardóttir fyrir atvinnulíf  
Elísabet Gunnarsdóttir fyrir Markaðsstofu  
Sif Huld Albertsdóttir fyrir Markaðsstofu

Varamenn eru: Halldór Halldórsson og Jónas Heiðar Birgisson sem báðir eru fyrir atvinnulíf.

Undir öðrum málum fóru fram umræður þar sem fram kom mikilvægi þess að tryggja að í stjórn sitji aðilar frá öllum svæðum Vestfjarða og hvernig best færi á kosningum innan hópsins. Fram kom að stefnumótun sé enn í gangi enda hópurinn aðeins búinn að starfa í eitt ár og málefni hans flest hver langhlaup fremur en spretthlaup.

[Hér má finna skýrslu stjórnar](#)





# EINAR VIÐAR MYNDHÖFUNDUR SÓKNARÁÆTLUNAR 2025-2029

Einar Viðar Guðmundsson Thoroddsen hefur verið valinn til þess að myndskreyta Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029. Einar er grafískur hönnuður og teiknari frá Ísafirði. Hann er um þessar mundir búsettur í Den Haag í Hollandi, þar sem hann útskrifaðist með BA í grafískri hönnun frá Konunglegu listaakademíuna. Í náminu var Einar sífellt leitandi eftir jafnvægi milli hómors og alvarleikans, sem er því stór hluti af list hans, hönnun og daglegu lífi. Vinnuaðferðir Einars, sem mest fæst við bókahönnun og prentun með RISO og silkibrykki, liggja í því að fá innblástur frá umhverfinu, líkt og hegðun fólks og að leika sér með orð. Hann er ávallt að finna nýjar leiðir til að vinna verkefni sín, og dýfir sér oftast beint í skapandi hluta ferlisins, til að sjá hvert það leiðir.



Leitað var til valinna vestfirskra myndlistarmanna og hönnuða um myndskreytingar Sóknaráætlunar 2025-2029. Valnefnd skipuðu: Anna Sigríður Ólafsdóttir og Magnea Garðarsdóttir hjá Vestfjarðastofu, Greipur Gíslason sjálfstætt starfandi hönnunarráðgjafi, Héðinn Unnsteinsson frá Úrbana og Gunnar Bjarni Guðmundsson grafískur hönnuður hjá Pixel. Það var mat valnefndar að djörf listræn nálgun Einars væri skemmtileg nýjung í útliti og hönnun sóknaráætlana og hlökkum við til að sjá afraksturinn.




# UMSÖGNUM UM FJÁRMÁLAÁÆTLUN OG FRUMVARP UM LAGARELDI SKILAÐ INN

Vestfjarðastofa vann tvær umsagnir í maí til Alþingis fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga. Sú fyrri var umsögn um Fjármálaáætlun 2025-2029 og fundað var með fjárlaganefnd í framhaldinu. Lögð var áhersla á eftirfarandi mál:

- Aukið fjármagn verði sett til vetrarþjónustu og viðhalds vega
- Aukið fjármagn til uppbyggingar Tetrakerfis við stofnvegi og tengivegi samhliða uppbyggingu farnets
- Aukið fjármagn til rannsókna og hönnunar jarðgangakosta á Vestfjörðum
- Teknar verði ákvarðanir er varða úrlausn á raforkuskorti á Vestfjörðum og fjármálaáætlun gefi rými fyrir aðkomu ríkissjóðs að þeim verkefnum.
- Aukið verði fjármagn til starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga er varðar samninga þeirra við stjórnvöld um sóknaráætlanir, atvinnuráðgjöf og áfangastofur.
- Aukið fjármagn til að hraða endurmati á ofanflóðahættu
- Efling heilbrigðis- og sjúkrahúspjónustu er varðar viðbragðs- og fjarþjónustu
- Aukið fjármagn til svæðisbundinnar markaðssetningar ferðaþjónustu

Seinna málið var umsögn um frumvarp um lagareldi og fundað var með atvinnuveganefnd í framhaldinu. Lögð var áhersla á að loks væri komin heildræn sýn á málefni sjókvíaeldis sem sveitarfélög á Vestfjörðum hafa lengi kallað eftir. Fagnað er þeirri breytingu að framlögum Fiskeldissjóðs verði nú úthlutað beint til sveitarfélaganna í stað umsókna.

Lýst er áhyggjum af framkvæmd á afmörkun smitvarnarsvæða með tilliti til ójafnari stöðu fyrirtækja. Ótækt er að stjórnslan skilji málin eftir til úrlausnar fyrirtækjanna, það er hvaða eitt fyrirtæki standi eftir að lokum með rekstur innan hvers smitvarnarsvæðis. Krafan er að setja verði að setja skýrari ferla um framkvæmdina. Fleiri atriði eru nefnd sem finna má í umsögninni á [vef Vestfjarðastofu](#).



# LITLI PÚKINN LUKKAÐIST VEL



Barnamenningarhátíðin Púkinn steig aftur fram á vordögum og fór fram dagana 15. -26. apríl. Eftir fyrsta Púkann, sem var haldinn í september 2023, kom fram að betur færi á halda hátíðina að vori. Því var ákveðið að halda aðra hátíð strax vorið 2024, en hún yrði smærri í sniðum. Fyrsta hátíðin var styrkt af Barnamenningarsjóði en þessi sem nú fór fram af Sóknaráætlun Vestfjarða. Hátíðin var því haldin tvisvar á þessu skólaári, en hefur nú vonandi fundið sinn stað á dagatalinu og verður haldin aftur vorið 2025 dagana 31. mars-11. apríl.

Hátíðin fór fram víðsvegar um Vestfjarðakjálkann og dagskráin var fjölbreytt með 25 skemmtilega menningarviðburði fyrir vestfirsk börn. Þema hátíðarinnar í ár var: Hvers vegna búum við hér? og var það valið af vestfirskum ungmennum. Þemað var meðal annars innblástur fyrir nemendur í Grunnskóla Öfundarfjarðar sem tóku viðtöl við íbúa. Þemað var einnig innblástur í Bolungarvík þar sem börnin settu upp ljósmynda- og ljóðasýningu undir þeim merkjum.

Litli leikklúbburinn á Ísafirði bauð upp á námskeið í sketsagerð og spuna og Leikfélag Hólmavíkur bauð upp á leiklistarnámskeið. Krauka kom á Strandir og hélt tónleika fyrir nemendur á Hólmavík og Drangnesi, auk þess sem þeir áttu skemmtilega stund með nemendum Ásgarðsskóla í skýjunum. Á Reykhólum var rappsmiðja undir styrkri leiðsögn Reykjavíkurdætra og kallaði þátttökuhópurinn sig að sjálfsgöðu Reykhóladætur. Púkarnir á Patró settu upp ljósmyndasýninguna í vestfirskum fjallasal og sýndu hvernig þau leika sér á skemmtilegum svæðum í bænum.

Skólar á svæðinu nýttu tækifærið og efndu til listsköpunar úti í náttúrunni. Krakkarnir á Bíldudal fóru í fjöruferð og gerðu listaverk úr efnivið sem þau fundu þar. Á Tálknafirði var fjaran einnig innblástur til listsköpunar og fóru krakkarnir í fjöruna á fallegum vordegi þar sem þau sköpuðu úr þeim ríkulega efnivið sem náttúran leggur til.

Tónlistarskóli Ísafjarðar og Byggðasafn Vestfjarða buðu upp á tónleika í Neðstakaupstað. Þar voru flutt frumsamin lög eftir nemendum af skólakórnum. Nemendur í T.Í. voru einnig með tónleika að loknu námskeiði í tónlistarspuna þar sem þau léku eigið tónverk og Tónlistarskóli Vesturbyggðar var einnig með spunasmiðju þar sem börnin spunnu upp sögur og skreyttu með hljóðfæraleik.

Eitt stærsta verkefnið á hátíðinni fór fram í Grunnskólanum á Ísafirði. Það bar yfirskriftina „Heill heimur af börnum“ og var stýrt af Kristínu Vilhjálmsdóttur. Haldið var menningarmót og foreldrum og gestum boðið að skoða þá fallegu vinnu sem börnin höfðu framkvæmt. Verkefnið var unnið í samstarfi við Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri.

Það verður gaman að fylgjast með Púkanum vaxa og þróast enn frekar og við getum öll byrjað að láta okkur hlakka til næstu hátíðar.





## BASKASETUR Í DJÚPAVÍK OPNAÐ MEÐ VIÐAMIKILLI DAGSKRÁ

Dagana 6.-8. júní verður heilmikil dagskrá í Djúpvík tengd sögu Baska á Íslandi í samvinnu við samstafaðila í Baskahéruðum Spánar og Frakklands. Háskóla- og Vestfjarða kemur að verkefninu með áherslu á sambúð manns og sjávar og sjálfbærni. Baskavinafélagið á einnig í samstarfi við listasýninguna the Factory í Djúpvík og við Strandagaldur og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofu.

Fimmtudaginn 6. júní verður opin vinnustofa í gerð hljóðfæra úr rusli í Djúpvík. Markmiðið er að stuðla að sjálfbærni og endurnýtingu meðfram því að tengja við baskneskan menningararf. Intelligent Instruments Lab við Háskóla Íslands og Baskavinafélagið sjá um vinnustofuna í samstarfi við listasýninguna the Factory í Djúpvík.



Föstudaginn 7. júní og laugardaginn 8. júní verður málþing á ensku í Djúpvík um sögu Baska á Íslandi að viðstöddum Guillaume Bazard sendiherra Frakklands og José Carlos Estes Lema sendifulltrúa Spánar. Markmið málþingsins er að stuðla að frekari þekkingu íslenskra vísindamanna og þeirra sem starfa í skapandi geirum á sögu Baska á Íslandi og tengja saman íslenskan og baskneskan menningararf.

Við lok dagskrár föstudaginn 7. júní kl. 17 verður formlega opnaður fyrri áfangi sýningar Baskaseturs í gömlu síldartönkunum á Djúpvík. Boðið verður upp á tónleika baskneskra og íslenskra tónlistarmanna og Imanol Mendi framreiðir „pintxos“, baskneska smárétti.

Frekari upplýsingar á:

<https://baskavinir.is/>

Verkefnið hlaut styrki frá Creative Europe, Brothættum byggðum á vegum Byggðastofnunar, Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Uppbyggingarsjóði Vestfjarða.

# HVAÐ ER SAMFÉLAGLEG NÝSKÖPUN?



Fundur á Teams 12. júní kl.12

Stefanía Kristinsdóttir  
fjallar um samfélagslega  
nýsköpun

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir  
segir frá MERSE,  
Evrópuverkefni um  
samfélagslega nýsköpun.

Heiða hjá Netagerðinni á  
Ísafirði, Anna Björg hjá  
Galdrasýningunni á  
Hólmavík og Birta hjá  
Skriðu á Patreksfirði verða  
með stuttar kynningar á  
verkefnum sínum

## VERKEFNISLÝSING SVÆÐISSKIPULAGS VESTFJARÐA 2025-2050 KOMIÐ Í SKIPULAGSGÁTT

Vinna að gerð Svæðisskipulags Vestfjarða í maí gekk samkvæmt áætlun og gott betur. Lýsing svæðisskipulagsins er komin í auglýsingu samkvæmt afgreiðslu fundar Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða þann 15. maí er fyrir lá samþykki allra sveitarstjórnar sem eiga aðild að verkefninu.

Lýsingin var kynnt á opnum íbúafundum í lok mánaðarins og má skila umsögnum eða ábendingum til 28. júní n.k. inn í [Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar](#)

Interreg




Co-funded by  
the European Union

Northern Periphery and Arctic

MERSE



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga



# Sæskrímslin

1. JÚNÍ KL.15:00 REYKJAVÍK

4. JÚNÍ KL.17:15 AKRANES

8. JÚNÍ KL.15:00 ÍSAFJÖRÐUR

12. JÚNÍ KL.17:15 HÚSAVÍK

15. JÚNÍ KL.15:00 NESKAUPSTAÐUR



Á hafnarbakkanum birtast ótrúlegar kynjaverur hjá Byggðarsafni Vestfjarða þegar sirkuslistahópurinn Hringleikur og leikgervastúdíóið Pilkington Props taka höndum saman í nýju, íslensku götuleikhúsverki fyrir alla fjölskylduna.

Hvað er að gerast á hafnarbakkanum? Fréttir hafa borist af því að togari á veiðum rétt fyrir utan landgrunnið hafi fengið risavaxna og áður óþekktu lífveru í trollið. Skömmu síðar varð hann vélarvana og sendi út neyðarkall. Togarinn hefur nú verið dreginn í höfn. Á meðan beðið er eftir viðbrögðum vísindamanna við þessu furðufyrirbæri gefst almenningi einstakt tækifæri til þess að berja ferlíkið augum. Eru sæskrímsli úr þjóðsögum okkar komin fram í dagsljósið og hvaða skilaboð færa þau okkur?